



INOWA

KLÚBBURINN

UPPGJÖR 2. ÁRSFJÓRÐUNGS 2025

Margrét Tryggvadóttir

Skemmtana- & forstjóri

Pórhallur Jóhannsson

Fjármálastjóri

INOVA
KLÚBBURINN


Lykiltölur úr rekstri 2F 2025



Áframhaldandi vöxtur, traustur grunnur og skýr stefna


Heildartekjur

+6,2%




Þjónustutekjur

+7,9%




Vörusala

+1,8%




EBITDA

+9,7%




EBITDA%

+3,3%



Handbært frá rekstri

+42,5%




Lykiltölur úr rekstri 1H 2025



Áframhaldandi vöxtur, traustur grunnur og skýr stefna


Heildartekjur

+5,1%




Þjónustutekjur

+7,3%




Vörusala

-0,1%




EBITDA

+9,5%




EBITDA%

+4,2%



Handbært frá rekstri

+38,0%



Fréttir af starfseminni:

Flakknet

Hærri meðaltekjur viðskiptavina

Farsímanet | Flakknet

Fjöldi símkorta
2H 2024

550.520

31,9%

markaðshlutdeild

Tekjur

2F milli ára


+5,7%

6M milli ára

+5,3%

- Viðskiptavinum fjölgaði lífillega
- Meðaltekjur pr. viðskiptavin (ARPU) hækkar

Flakknet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.



*Skýrsla fjarskiptastofu

**Útgefnir ársreikningar og skýrsla Fjarskiptastofu

Fréttir af starfseminni:

Fastnet

Hærri meðaltekjur viðskiptavina

Internetþjónusta Fastnet

Fjöldi nettenginga
(ljósleiðari/XDSL) 2H 2024

147.619

Tekjur

+11,5% 2F milli ára

- Viðskiptavinum fjölgaði
- Meðaltekjur pr. viðskiptavin (ARPU) hækkar

Internet

18,4%

markaðshlutdeild

Ljósleiðari


19,5%

markaðshlutdeild


Fastnet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur

NOVA
KLÚBBURINN

Internet: Stækkun markaðar*



Internet: Meðaltekjur á mánuði**



*Skýrsla fjarskiptastofu

**Útgefnið ársreikningar og skýrsla Fjarskiptastofu

VIÐ LEIÐUM DANSINN

FYRST INN Í FRAMTÍÐINA


MED SNJALLARI LAUSNIR

ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
HEIM

Voice
Max.400



Data
Max.600



ÍSLENSKA
ÁNÆGJU/ÖGIN

NOVA X Dineout

Bragðgott samstarf



ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

MEST FYRIR PENINGINN



**Krana
Klipp**

**FYRIR
þIG**

ÍSLENSKA
ÁNÆGÐUÐGIN

ÍsKlipp

**FYRIR
þIG**



**Enski
boltinn**

**50%
afsláttur**





SKEN
STAÐUR
I HEIM

BEST

OR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2025


Nova

Rekstrarreikningur

NOVA
KLÚBBURINN


Tekjustofnar

Heildartekjur



	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
FlakkNet	1.668	1.578	90	5,7%
FastNet	1.049	941	108	11,5%
Vörusala	444	436	8	1,8%
Aðrar tekjur	267	273	-6	-2,3%
Heildar rekstrartekjur	3.428	3.228	200	6,2%

	6M 2025	6M 2024	Breyting	%
FlakkNet	3.291	3.127	165	5,3%
FastNet	2.077	1.877	201	10,7%
Vörusala	854	855	-1	-0,1%
Aðrar tekjur	529	567	-38	-6,7%
Heildar rekstrartekjur	6.753	6.426	327	5,1%



Rekstrarreikningur



Rekstrartekjur

Hækkun tekna skýrist helst af góðri fjölgun viðskiptavina með heimanet, hækkandi meðaltekjum á bæði Flakk- og FastNeti, auknum reikitekjum af ferðamönnum og góðum vexti í tekjum af sérlausnum til stórnotenda.

Rekstrargjöld

Kostnaðarverð seldra vara hækkar vegna fjölgunar viðskiptavina, á móti hafa hagræðingaðgerðir einstakra liða haldið aftur af heildar hækkun. Laun og launatengd gjöld hækka vegna almennra launahækkana en stöðugildum fjölgar lítillega. Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára sem skýrist m.a. af almennum verðlagshækkunum og einskiptiskostnaði vegna kaupa í DineOut.

Afskriftir

Afskriftir ófnislegra eigna lækka lítillega en afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar hækka með fjárfestingum í fjarskiptakerfi sem og fjölgun sendastaða á síðasta ári.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld lækka í heildina milli ára. Vaxtagjöld annarra skulda og leiguskuldbindinga hækka vegna aukinna leiguskuldbindinga en á móti lækka verðbætur annara skulda vegna lægri verðbólgu milli ára sem og vaxtagjöld langfímalána lækka vegna lægri skuldastöðu.

	2F 2025	2F 2024	Breyting / %		6M 2025	6M 2024	Breyting / %	
Heildar rekstrartekjur	3.428	3.228	200	6,2%	6.753	6.426	327	5,1%
Kostnaðarverð seldra vara	1.528	1.494	33	2,2%	3.013	2.999	14	0,5%
Laun og launatengd gjöld	549	518	32	6,1%	1.099	1.034	65	6,3%
Annar rekstrarkostnaður	297	256	42	16,4%	598	528	70	13,3%
Heildar rekstrargjöld	2.374	2.268	107	4,7%	4.709	4.560	149	3,3%
EBITDA	1.054	961	94	9,7%	2.043	1.865	178	9,5%
EBITDA%	30,7%	29,8%	1,0%	3,3%	30,3%	29,0%	1,2%	4,2%
Afskriftir	(-608)	(-558)	(-50)	8,9%	(-1.190)	(-1.101)	(-89)	8,1%
Rekstrarhagnaður	447	403	44	10,9%	853	764	89	11,6%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-255)	(-264)	9	-3,5%	(-455)	(-460)	5	-1,0%
Áhrif hlutdeildarféлага	(-3)	0	(-3)	n/a	(-3)	0	(-3)	n/a
Tekjuskattur	(-39)	(-30)	(-9)	30,3%	(-78)	(-63)	(-15)	24,0%
Hagnaður tímabilsins	149	108	41	38,2%	317	241	76	31,4%
Hagnaður á hlut	0,04	0,03	0,01	43,2%	0,09	0,07	0,02	35,9%





Afkoma tímabilsins

Hagnaður á 2. ársfjórðung er 149 m.kr. og eykst um 38,2% frá fyrra ári. Hagnaður á fyrri helming ársins er 317 m.kr. og hækkar um 31,4%. Hagnaður á hlut er 0,04 kr. og hækkar um 43,2%, á fyrri helminga ársins er hagnaður á hlut 0,09 kr. og hækkar um 35,9% frá fyrra ári.

Allar tölur í m.kr.

Rekstrarreikningur – kennitölur

Hagnaður tímabilsins



Efnahagsreikningur

NOVA
KLÚBBURINN

Efnahagsreikningur



Eignir

Fastafjármunir aukast lítillega, þar munar mest um eignarhlutinn í DineOut sem kemur nýtt inn. Á móti lækka óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir þar sem afskriftir eru umfram viðbætur á árinu.

Veltufjármunir lækka um 7,5%, þar sem munar mest um lækkun á handbæru fé sem skýrist af arðgreiðslu og fjárfestingu í hlutdeildarfélagi.

Skuldir

Langtímaskuldir standa nokkurn veginn í stað frá áramótum. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, heildar leiguskuldbindingar lækka einnig lítillega en aðrar skuldir hækka á móti vegna hækkunar vísitölu.

Skammtímaskuldir samtals hækka lítillega. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækka sem skýrist af árstíðabundnum sveiflum en á móti lækka ógreiddir skattar.

Eigið fé


Hlutfé og yfirverðsreikningur eigin fjár lækka með endurkaupum ársins. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars sl. var hlutfé lækkað um 130 m.kr. að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu apríl 2024 til mars 2025. Óráðstafað eigið fé hækkar með viðbættum hagnaði ársins. Eiginfjárlutfall er 39,9% í lok tímabilsins

Allar tölur í m.kr."

	30.6.2025	31.12.2024	Breyting	%
Viðskiptavild	10.136	10.136	0	0,0%
Óefnislegar eignir	1.344	1.426	-82	-5,8%
Rekstrarfjármunir	3.853	3.939	-86	-2,2%
Leigueignir	4.648	4.654	-5	-0,1%
Eignahlutir í hlutdeildarfélögum	350	3	347	n/a
Tekjuskattsinneign	473	551	-78	-14,2%
Fastafjármunir samtals	20.804	20.708	96	0,5%
Birgðir	462	410	52	12,8%
Viðskiptakröfur	1.168	1.174	-6	-0,5%
Aðrar skammtímakröfur	614	494	119	24,1%
Handbært fé	633	1.031	-398	-38,6%
Veltufjármunir samtals	2.877	3.109	(-233)	-7,5%
Eignir samtals.....	23.681	23.818	-137	-0,6%
Eigið fé.....	9.456	9.664	-208	-2,2%
Vaxtaberandi langtímask.	1.838	1.890	-53	-2,8%
Leiguskuldbindingar	6.712	6.691	22	0,3%
Aðrar skuldir	3.096	3.057	40	1,3%
Langtímaskuldir samtals	11.646	11.637	9	0,1%
Næsta árs afb. langtímask.	105	105	0	0,0%
Viðskiptaskuldir	996	795	201	25,2%
Ógreiddir skattar	2	291	-289	-99,3%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	329	313	16	5,2%
Aðrar skammtímaskuldir	1.146	1.012	134	13,2%
Skammtímaskuldir samtals	2.579	2.517	62	2,4%
Skuldir samtals.....	14.225	14.154	71	0,5%
Skuldir og eigið fé samtals.....	23.681	23.818	-137	-0,6%

Efnahagsreikningur - kennitölur


Veltufjárlutfall




Eiginfjárlutfall



Vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir samtals



Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/12m EBITDA





Sjóðstreymi

NOVA
KLÚBBURINN

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er 42% hærra en á sama tímabili á fyrra ári. Hækkunin skýrist af hærri veltufé frá rekstri en einnig eru neikvæðar breytingar á rekstrartengdum eignum verulega lægri en á fyrra ári. Það skýrist helst af minni lækkun viðskiptaskulda sem var tilfallandi há á samanburðartímabili.

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum lækka milli ára en fjárfestingar í óefnislegum eignum hækka lítillega, samantekið eru fjárfestingar að lækka um 26 m.kr. sem er í takt við áætlanir félagsins. Greiðsla vegna kaupa á 20% eignahlut í DineOut færist undir línuna Fjárfestingar í hlutdeildarfélagi.

Fjármögnunarahreyfingar

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars þá greiddi félagið arð í apríl upp á 0,082 kr. á hlut sem jafngilti 291 m.kr. að teknu tilliti til eigin bréfa félagsins á þeim tíma. Félagið keypti eigin bréf fyrir samtals 89 m.kr. á öðrum ársfjórðungi. Frá því að ný endurkaupaáætlun hófst í maí, til og með 8. ágúst, nema heildarkaup eiginhluta samtals 33 millj. hluta að nafnverði, á meðalgenginu 4,84, fyrir alls 159,6 m.kr., sem nemur 0,93% af útgefnu hlutafé félagsins.

	2F 2025	2F 2024	Breyting	6M 2025	6M 2024	Breyting
Veltufé frá rekstri	1.054	961	94	2.043	1.865	178
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-34)	(-197)	163	(-7)	(-301)	295
Greidd vaxtagjöld	(-187)	(-169)	(-18)	(-378)	(-347)	(-31)
Greiddir skattar	(-70)	(-59)	(-10)	(-116)	(-98)	(-18)
Handbært fé frá rekstri	763	536	228	1.543	1.118	425
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-335)	(-391)	56	(-705)	(-803)	98
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-77)	(-47)	(-30)	(-155)	(-109)	(-46)
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi	(-350)	0	(-350)	(-350)	(-88)	(-263)
Fjárfestingahreyfingar	(-761)	(-437)	(-324)	(-1.210)	(-999)	(-211)
Arður til hluthafa	(-291)	0	(-291)	(-291)	0	(-291)
Keypt eigin bréf	(-89)	(-98)	9	(-233)	(-143)	(-90)
Afborgun leiguskuldbindinga	(-61)	(-57)	(-3)	(-125)	(-112)	(-13)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-15)	(-14)	(-2)	(-30)	(-27)	(-3)
Afborganir langtímalána	(-26)	(-26)	0	(-53)	(-53)	0
Fjármögnunarahreyfingar	(-483)	(-196)	(-288)	(-732)	(-334)	(-397)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-481)	(-97)	(-384)	(-399)	(-215)	(-184)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1	(-10)	10	1	(-9)	10
Handbært fé í upphafi tímab.	1.113	380	733	2.145	497	1.648
Handbært fé í lok tímabilsins	633	273	360	1.746	273	1.473

Fjárfestingar


Rekstrarfjármunir

Uppbygging og viðbætur á fjarskiptakerfi félagsins hafa verið í samræmi við áætlun á árinu. Í janúar lauk útfösun á 2G og stefnt er að því að loka 3G um komandi áramót. Nova hefur lokið innleiðingu á nýjum farsímaskjarna, 5G StandAlone (SA), og hafið útbreiðslu 5G á lægri tíðnisviðum til að stækka útbreiðslusvæði og nýta þær nýjungar sem tæknin býður upp á. Viðbætur hafa jafnframt verið gerðar á stofnneti félagsins með stækkun á flutningsgetu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina sérlausna um hraða gagnaflutninga, auk eflingar öryggis. Í því skyni hefur félagið innleitt miðlæga Deepfield netgreiningar- og effirlitslausn sem veitir viðskiptavinum aukna vernd og traust.

Óefnislegar eignir


Á árinu hefur félagið fjárfest í endurnýjun og viðbótum á þjónustuvef, FyrirÞig-appi og fríðindaklúbbi, auk þess sem samþætting við samstarfsaðila hefur verið aukin. Í því samhengi keypti Nova hlut í DineOut fyrr á árinu, með það að markmiði að auka virði fríðindaklúbbsins fyrir viðskiptavinum og bæta notendaupplifun. Félagið hefur jafnframt fjárfest í gervigreindartækni með það að markmiði að bæta þjónustuupplifun og auka skilvirkni í rekstri með hagnýtingu hennar.

Allar tölur í m.kr."




Sjóðstreymi – kennitölur

Handbært fé frá rekstri



Allar tölur í m.kr.



FCF = Veltufé frá rekstri að frádregnum fjárfestingum í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum

FCFFaL = Handbært fé frá rekstri að frádregnum fjárfestingum í rekstrarfjármunum, óefnislegum eignum og afborgunum af leiguskuldbindingum

Horfur & Hluthafar

NOVA
KLÚBBURINN

Horfur fyrir 2025




Tekjur áætlaðar á bilinu 13.700 - 14.000 m.kr.


EBITDA áætluð á bilinu 4.000 - 4.400 m.kr.

Fjárfestingar 11% - 12% af heildartekjum

Tekjuhorfur



EBITDA horfur




Allar tölur í m.kr."

Hluthafar



Hluthafar 31.07.2025	Fjöldi hluta	%
Birta lífeyrissjóður	436.203.470	12,3%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	312.744.159	8,5%
Stapi lífeyrissjóður	267.985.436	7,5%
Lífsverk lífeyrissjóður	201.355.520	5,7%
Festa – lífeyrissjóður	195.992.403	5,5%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	170.615.498	4,8%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	156.076.759	4,4%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	129.359.159	3,6%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	107.733.870	3,0%
IS EQUUS Hlutabréf	87.447.281	2,5%
Samtals 10 stærstu	2.065.513.555	58,1%
Aðrir hluthafar	1.457.161.201	41,0%
Samtals útistandandi hlutir	3.522.674.756	99,1%
Nova klúbburinn hf.	31.200.000	0,9%
Heildarhlutafé	3.553.874.756	100,0%

Markaðsupplýsingar	31.07.2024	31.12.2024	%
Útistandandi hlutir	3.522.674.756	3.647.227.464	-3,4%
Dagslokagengi í lok tímabils	4,88	4,26	14,6%
Fjöldi hluthafa	1.535	1.763	-12,9%



Spurningar

-> fjarfestatengsl@nova.is



FORTUNA
INVEST



www.nova.is/fjarfestar



INOWA


KLÚBBURINN

Lýsing tekjustofna




FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.



FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.



Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.



Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
HEIM

Fyrirvarar

Við erum mjög bjartsýn eins og þið sjáið en það er eitt sem þarf að koma fram. Allt sem stendur hérna er byggt á hugmyndum einhvers fólks sem vinnur á skrifstofu hjá Nova. Ekki staðreyndum eða vísindum. Við erum ekki Nasa. Allt sem þessu ágæta fólki dettur í hug að senda frá sér felur í sér ákveðna óvissu, enda eru þau bara mannleg, og þessi fjárfestakynning er ágætis dæmi um það. Okkur finnst skýtið að þurfa að taka það fram, en við áttum okkur á að framtíðin er óskrifað blað. Við erum ekki með kristalskúlu sem sýnir okkur hvað gerist næst. Hlutir geta breyst. Til dæmis gæti afkoman orðið önnur en kemur fram í þessari tilkynningu. Eða loftsteinn tortímt gervöllu Arnarnesinu. Staðhæfingar gilda bara á þeim tíma sem kynningin kemur út, það er að segja í nútímanum. Ekki framtíðinni. Þið bara lesið þetta með það í huga, takk.

NOVA
KLÚBBURINN